

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2010
Tilv. 2010110206/0.2.2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga), 200. mál.


Í frumvarpinu er lögð til 4% flöt hækkun á áfengisgjaldi. Áfengisgjald er lagt á í þremur flokkum, bjór, vín og sterkt áfengi. Við hækkunir á áfengisgjaldi að undanfögnu hefur verið farin sú leið að hækka alla flokka um sama hlutfall. Við það hefur munur á verði sterkra drykkja annars vegar og bjórs og víns hins vegar sífellt verið að aukast. Afleiðingar þessa má sjá í sölutölum ÁTVR. Á árinu 2010 má ætla að heildarsamdráttur í áfengissölu verði um 5-6%. Samdráttur í sölu á sterku áfengi verður líklega um 12,5% eða mun meira en meðaltalið. Sérstakar áhyggjur vekur þó að áætlaður samdráttur í vodkasölu á árinu er um 20%. Mat ÁTVR er að um 1% af vodkasölunni færast yfir á bjór þannig að umframsamdráttur í vodka er rúmlega 7%. Áætluð sala á vodka á árinu er um 330 þús. lítrar og áfengisgjald pr. líter er kr. 3.781,-. Áætluð töpuð sala er því um 23.430 lítrar sem hefðu skilað um 88,5 milljónum króna í áfengisgjald.

Óeðlilegt er að ætla að vodkaneysla dragist miklu meira saman en neysla á öðru sterku áfengi. Leiða má að því líkum að vodkasalan sé í einhverjum mæli að færast frá ÁTVR.

ÁTVR telur að skattlagning á sterku áfengi sé komin að þolmörkum og að hætta sé á að salan á færast frá ÁTVR í hendur smyglara og bruggara. Þessi þróun virðist þegar hafin í vodka.

Ef Alþingi ákveður að hækka áfengisgjöld þá leggur ÁTVR til að sterkt áfengi verði hækkað minnst en bjór mest. Tillaga ÁTVR er að bjór verði hækkaður um 6%, vín um 3% og sterkt áfengi um 1%. Það ætti að skila svipuðum tekjuauka og 4% flöt hækkun að því gefnu að salan haldist óbreytt.

Virðingarfyllt


Ívar J. Arndal

Afrit: Fjármálaráðuneytið